

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfoss

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgrötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 19. ágúst 2021
Tilv.: SRN21010025/4.11.3

Efni: Ársreikningur 2020 og fjárhagsáætlun 2021

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2020 ásamt skýrslu endurskoðanda. Samkvæmt ársreikningi er neikvæð afkoma að fjárhæð 578 m.kr. fyrir samstæðuna og rekstrarniðurstaða fyrir A-hluta er neikvæð um 949 m.kr. á árinu 2020. Afkoman er nokkuð lakari en fjárhagsáætlun með viðauka gerði ráð fyrir sem virðist aðallega skýrast af hærri fjármagnsgjöldum. Skuldaviðmið samstæðunnar er að hækka úr 118% frá árinu 2019 í um 137% árið 2020.

Í skýrslu endurskoðanda undir sérstök umfjöllunarefni er fjallað um arð frá Vatnsveitu. Þar kemur fram að í ársreikningi bæjarsjóðs A-hluta 2020 er tekjufærður arður frá vatnsveitu að fjárhæð 77,8 m.kr. Það er gert þrátt fyrir að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hafi sent sveitarfélög bréf dags. 13. nóvember 2019 þess efnis að ekki væri heimilt að greiða arð úr rekstri vatnsveitna. Jafnframt segir að hagsmunaaðilar eru ekki sammála túlkun ráðuneytisins. Eftirlitsnefndin ákvað að upplýsa ráðuneytið formlega um þessa ráðstöfun.

Nefndin óskar eftir að fá upplýsingar um eftirfarandi atriði varðandi ársreikning 2020:

1. Aðrar tekjur: Óskað er eftir sundurliðun á öðrum tekjum og upplýsingar um gatnagerðagjöld og sölu byggingarréttar á árinu 2020.
2. Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit: Óskað er eftir að fá ábyrgða- og skuldbindingayfirlit fyrir árið 2020. Samkvæmt 15. gr. rgl. nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga þá á að skila ábyrgða- og skuldbindingayfirliti samhliða ársreikningi.
3. Leigubústaðir Árborgar ses. Óskað er eftir skýringum á því af hverju Leigubústöðum Árborgar ses. er ekki hluti af samstæðureikningsskilum Árborgar fyrir árið 2020. Samkvæmt svarbréfi Árborgar þann 12. mars 2021 þá er Árborg í ábyrgð á lánnum Leigubústaða Árborgar ses. og félagið hefur ekki hlotið samþykki félagsmálaráðuneytisins sem hses. félag.
4. Fjármagnskostnaður: Óskað er eftir sundurliðun á fjármagnskostnaði og skýringum á því af hverju fjármagnskostnaður reyndist mun hærri en fjárhagsáætlun með viðauka gerði ráð fyrir.

Í framhaldi af fundi nefndarinnar með fulltrúum Árborgar um fjárhagsáætlun ársins 2021 og m.t.t. niðurstöðu ársreiknings óskar nefndin eftir að fá upplýsingar um eftirfarandi atriði varðandi

ÁRBORG	
Bnr: 00.14.0	Mótt: 24.08.21
Abm: 18	Mnr: 2108273

fjárhagsáætlun:

1. Fjárhagsáætlun 2021: Þar sem allnokkurt frávik varð milli útkomuspár 2020, sem fjárhagsáætlun byggði á, og ársreiknings 2020 er óskað eftir að fá greiningu á áhrifum þess á fjárhagsáætlunina og hvort fjárhagsáætlun 2021 verði uppfærð.
2. Framvinda rekstrar- og fjárfestingaráætlunar: Óskað er eftir upplýsingum um samanburð á upphaflegri fjárhagsáætlunar og rauntalna.
3. Fjármögnun: Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir lántöku upp á rúma 5 ma.kr. og óskað er eftir upplýsingum um hvort fjármögnunaráætlun hafi gengið eftir hvað varðar fjárhæð og kjör.

Svör við ofangreindum atriðum berist nefndinni eigi síðar en 15 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa.

Fyrir hönd ráðherra

Þórir Ólafsson

Gústav Aron Gústavsson

Fullgild rafraen undirskrift

GÚSTAV ARON GÚSTAVSSON

2021-08-20 08:51:58 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON

2021-08-20 10:25:15 GMT

Ástæða: Undirskrift